# ANGÚSTÚRA

1

# BÆKUR
# 2022–2023








Anna María Bogadóttir



3

„Við sýnum teikningar og módel af nýjum byggingum og skálum fyrir því þegar þær rísa. Við leggjum hornsteina og höldum reisugilli. Niðurrif og jarðsetning bygginga fer hins vegar iðulega fram í kyrrþey."

Í *Jarðsetningu* fer höfundur með lesendur inn í stórhýsi Iðnaðarbankans við Lækjargötu og þaðan á vit hugmynda og drauma sem búa í hinu byggða. Með hversdagslíf borgarinnar í bakgrunni fléttar hún frásögn af lífi og dauða byggingar saman við sögu hugmynda og sína eigin sögu.

Anna María Bogadóttir arkitekt hefur gefið út bækur um arkitektúr og manngert umhverfi og ritstýrt bókum um sama efni. Í *Jarðsetningu* brúar hún bilið milli arkitektúrs og bókmennta í frumlegum texta og lifandi myndum.

Saumuð kilja 160×240mm
308 s. 2022

Bókarhönnun Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir
ISBN 978-9935-523-40-2



Eldgos




Rán Flygenring



5

Þegar lúsafaraldur brýst út í skólanum hans Kaktuss bregður leiðsögumaðurinn mamma hans á það ráð að taka hann með sér í vinnuna. Kaktusi þykir íslensk náttúra ekki jafn svakalega spennandi og hinum rútufarþegunum en hann skiptir snögglega um skoðun þegar hann rekur augun í eitthvað rauðglóandi í fjarska …

Rán Flygenring verðlaunateiknari og rithöfundur er með eldgos á heilanum. Eftir að hafa lagt leið sína hátt í tuttugu sinnum að eldsumbrotunum á Reykjanesi hefur hún nú fundið öllum þeim glumrugangi og glundroða sem hún varð þar vitni að farveg í þessari æsispennandi og stórhættulegu sögu.

Innbundin 230 × 300 mm
72 s. 2022
5 ára +





ISBN 978-9935-523-51-8

Svefngríman

Örvar Smárason


ÖRVAR SMÁRASON

SVEFNGRÍMAN

„Þetta er fl.gtu..inn í Glasg.w. Mér þykir l..ðinlegt að þurfa að tilk.nna .kkur að h..murinn .r að farast.“ Skilaboðunum fylgdu bæði suð og skruðningar, sambandið var lélegt, hreimurinn var næstum óskiljanlegur. Kannski sagði röddin: „Þetta er flugturninn í Glasgow. Mér þykir ánægjulegt að fá að tilkynna ykkur að heimurinn er loksins að skána aftur.“

Guðbjörg tók talstöðina og þrýsti á hnappinn. „Þetta er FI977 sem svarar. Gætir þú vinsamlegast endurtekið?“ Þau voru nýskriðin í rétta flughæð og því óvenjulegt að fá skilaboð frá jörðu. Skruðningarnir úr talstöðinni, eins og fótatak milljarða skordýra, blönduðust niðinum úr flugvélinni. Í eitt augnablik sá Guðbjörg fyrir sér unglingspilt blása sígarettureyk inn í maurabú og fylgjast svo með öllum maurunum skrölta út úr holunum og göngunum sem þeir höfðu haft svo mikið fyrir að grafa.

„Mér þykir leiðinlegt að tilkynna ykkur að eftir aðeins 17 sekúndur mun risavaxin flóðbylgja ríða yfir Norður-Evrópu og í kjölfarið yfir allan heiminn. Ykkur verður því ekki unnt að lenda neins staðar.“ Í þetta sinn var tilkynningin skýr og henni fylgdi smellur, eins og þegar einhver smellir fingrum. Augnablikum síðar heyrði Guðbjörg það sem henni fannst vera drunur úr fjarska, en

I



6

Átta smásögur sem vega salt á mörkum þess hversdagslega og þess fáránlega. Síðasti kaffibollinn fyrir heimsendi, eðlilegur útlimamissir, úthverfablinda, gervigreindarvinátta, óráð, ímyndun, sambönd og tengslaleysi.

Örvar Smárason er ljóðskáld, rithöfundur, tónskáld og tónlistarmaður. *Svefngríman* er fyrsta smásagnasafn hans en áður hafa komið út nóvellan *Úfin, strokin* og ljóðabókin *Gamall þrjótur, nýir tímar*. Örvar fékk nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta fyrir *Svefngrímuna*, auk þess hlaut smásagan *Sprettur* í safninu fyrstu verðlaun á Júlíönuhátíðinni.

Saumuð kilja 110×180mm
156 s. 2022

Bókarhönnun Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
ISBN 978-9935-523-50-1



Fínir drættir leturfræðinnar

Jost Hochuli
Þýðendur Birna Geirfinnsdóttir,
Marteinn Sindri Jónsson og
Gunnar Þór Vilhjálmsson




7

*Fínir drættir leturfræðinnar* var gefin út árið 1987 á sjö tungumálum, en kemur nú út í fyrsta skipti á íslensku. Bókin fjallar á hnitmiðaðan og aðgengilegan hátt um þá þætti sem skipta sköpum þegar læsileiki texta er annars vegar, svo sem bókstafina, orðið, línuna og andrýmið. Hér má finna ýmsar lausnir, ekki síst í umbroti og framleiðslu bókarinnar sjálfrar.

Svissneski leturfræðingurinn Jost Hochuli hefur lengi notið alþjóðlegrar hylli á sviði bókahönnunar. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir bókahönnun, til að mynda í samkeppnunum *Fegurstu bækur Sviss* og *Fegurstu bækur í heimi*.

Saumuð kilja 125×210mm
64 s. 2022

Bókarhönnun Jost Hochuli
ISBN 978-9935-523-33-4

Álfheimar. Risinn




Prófessor Ármann Jakobsson






Soffía er skyndilega og furðulostin komin í álfaheiminn Tudati ásamt vinum sínum Konál, Pétri og Dagnýju. Fyrir þeim liggur að ríkja yfir hinum fullkomna heimi sem drottningar og konungar. Eini vandinn er að Soffíu finnst hún varla nógu glæsileg og frábær til að verða drottning og hún trúir því ekki að galdrameistarinn Mestiok hafi álit á henni. Dag einn situr greifynja nokkur fyrir Soffíu og virðist hafa illt í hyggju. Auk þess er eintóm gleði og léttleiki álfanna grunsamleg. Eru Álfheimar eins fullkomnir og þeir líta út fyrir að vera?

*Risinn* er önnur bókin af fjórum um fjögur ungmenni í heimi álfanna eftir prófessor Ármann Jakobsson, *Bróðirinn* var sú fyrsta. Í bókaflokknum er tekist á við álfatrú Íslendinga á nýstárlegan hátt.

Innbundin 140×215mm
208s. 2022
10 ára+

Hönnun og teikning á kápu
Atli Sigursveinsson
Bókarhönnun Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
ISBN 978-9935-523-39-6

Akam, ég og Annika Stytt útgáfa




Þórunn Rakel Gylfadóttir
Ritstjóri Rakel Edda Guðmundsdóttir










Stytt útgáfa af verðlaunabókinni *Akam, ég og Annika*. Einfalt málfar og orðskýringar til að koma til móts við fjölbreyttan lesendahóp.

Hrafnhildur er ósátt við að flytja til Þýskalands með fjölskyldu sinni þegar stjúpfaðir hennar fær þar vinnu. Nýi skólinn er mjög strangur og hún saknar pabba síns og ömmu, en aðallega bestu vinkonu sinnar. Það er erfitt að vera nýja stelpan í skólanum, mállaus og vinalaus, en fljótlega kemst hún að því að lífið er enn erfiðara hjá öðrum. Hrafnhildur þarf að takast á við áskoranir sem hún hefði aldrei trúað að væru til og reyna verulega á hugrekki hennar. Hverjum getur hún eiginlega treyst? Af hverju vill Annika endilega vera vinkona hennar? Og í hvaða vandræðum er Akam?

Saumuð kilja 127×196mm
348s. 2022
12 ára+

Bókarkápa Christina Kuschkowitz
Bókarhönnun Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
ISBN 978-9935-523-54-9

## Uppskrift að klikkun. Hjartasósa, hafgúuheilar & gvakamóri við leiðindum

Dita Zipfel og Rán Flygenring
Þýðandi Jón St. Kristjánsson






Lúsí er 13 ára. Henni leiðist nýi kærasti mömmu sinnar og dreymir um að flytja til Berlínar. Lúsí finnst hún detta í lukkupottinn þegar hún sér auglýst eftir manneskju til að viðra hund hinum megin í bænum en kemst þó fljótt að því að það er enginn hundur og að skrítni gamli maðurinn sem auglýsti er í raun að leita að ritara fyrir dularfulla uppskriftabók. Auðvitað trúir Lúsí ekki tali hans um háleynileg hráefni eins og drekahjörtu (mjög lík tómötum) og varúlfahráka (mjög áþekktur venjulegu hunangi). Þrátt fyrir það ákveður hún að prófa nokkrar uppskriftirnar, eins og til dæmis hjartasósuna, þótt hún sé samt ekki beint skotin í Marvin – eins og allar hinar stelpurnar – en það sakar varla að prófa?

*Uppskrift að klikkun* hlaut hin virtu Þýsku ungmennabókaverðlaun og Bókmenntaverðlaun Hamborgar.

Innbundin 140 × 215 mm
200 s. 2022
10 ára +



ISBN 978-9935-523-49-5

## Júlían er hafmeyja

Jessica Love
Þýðandi Ragnhildur Guðmundsdóttir






Þegar Júlían sér þrjár töfrandi konur klæddar sem hafmeyjar í lestinni breytist allt. Það eina sem hann kemst að í huga hans er að verða sjálfur hafmeyja. En hvað mun ömmu finnast um það?

Einstök myndabók fyrir börn eftir rithöfundinn og teiknarann Jessicu Love, en hún er einnig leikkona á Broadway. *Júlían er hafmeyja* hefur hlotið mikið lof, verðlaun og viðurkenningar.

Innbundin 256 × 237 mm
40 s. 2022
3–7 ára



ISBN 978-9935-523-37-2

Jól í Litlu bókabúðinni
500 mílur frá mér til þín

Jenny Colgan


















*500 mílur frá mér til þín* Alyssa verður vitni að hræðilegu banaslysi og tilvera hennar hrynur. Hún hefur vistaskipti við Cormac í þorpi Skotlandi í von um að ná aftur stjórn á lífi sínu. Getur ástin kviknað í hjörtum sem 500 mílur skilja að?

*Jól í Litlu bókabúðinni* Þegar Carmen býðst vinna í Edinborg við að koma lúinni fornbókabúð á réttan kjöl slær hún til, enda tækifærin í litla heimabænum af skornum skammti. Mun Carmen takast að hjálpa gamla McCredie að rétta úr kútnum, styrkja fjölskylduböndin og jafnvel finna ástina fyrir jólin?

*Jól í Litlu bókabúðinni*
Kilja 135×200 mm
384 s. 2022
Helga Soffía Einarsdóttir þýddi
ISBN 978-9935-523-52-5

*500 mílur frá mér til þín*
Kilja 135×200 mm
432 s. 2022
Helga Soffía Einarsdóttir þýddi
ISBN 978-9935-523-41-9

Teikningar Kate Forrester



Engin heimilisgyðja

Sophie Kinsella












Æðsti (og eini) draumur ofurlögfræðingsins Samönthu Sweeting er að verða meðeigandi í lögfræðistofunni þar sem hún starfar. En svo gerir hún mistök sem kosta hana starfið. Fyrir stórkostlegan misskilning ræður hún sig sem ráðskonu á sveitasetri. Á því fyrirkomulagi er þó örlítill hængur; hún kann ekki að sjóða egg, veit ekki hvað ryksugupoki er og hefur aldrei sett upp gúmmíhanska.

Bráðfyndin skáldsaga um hvernig hraði og álag í nútímasamfélagi getur uppfyllt drauma en líka gleypt líf okkar – og hvernig nýbakað brauð getur verið birtingarmynd fullkomnunnar. Áður hafa komið út hjá Angústúru bækurnar *Mitt (ó) fullkomna líf* og *Leyndarmál* eftir sama höfund.

Kilja 135×200 mm
470 s. 2022

Maríanna Clara Lúthersdóttir þýddi
ISBN 978-9935-523-46-4













15

Ferðaklúbbur fyrir bókhneigða

Bækur í áskrift bjóða þér í ferðalag á framandi slóðir með sérvöldum bókmenntum í vönduðum þýðingum og fallegri útgáfu. Brottfararhliðið opnast við bréfalúguna fjórum sinnum á ári, en verkin eiga það öll sameiginlegt að hafa slegið í gegn víða um heim. Hverri útgáfu fylgir póstkort til að senda heim. Flughræddir geta nálgast sitt eintak í næstu bókabúð.

„Því fylgir alltaf gleði og spenna þegar ný áskriftarbók frá Angustúru bíður í anddyrinu. Bækurnar færa mann yfir í framandlega heima eða raunveruleika langt frá eigin, veita innblástur og ómetanlega innsýn.“ Halla Helgadóttir

Höfundar frá Kína, Mexíkó, Nígeríu, Argentínu, Bandaríkjunum, Norður-Kóreu, Japan, Suður-Afríku, Egyptalandi, Sýrlandi, Rúanda, Kólumbíu, Íran, Hvíta-Rús, Senegal, Tansaníu og Chile

Saumuð kilja 110×180 mm

Bókarhönnun Snæfríð Þorsteins
www.angustura.is




Laugavegur
Anna Dröfn Ágústsdóttir og Guðni Valberg

Glæsileg bók um margslungna götu. Byggingar- og verslunarsaga aðalgötu Reykjavíkur sögð í máli og myndum og tilraun gerð til að útskýra hvers vegna hún hefur þróast með þeim hætti sem raun ber vitni. Líklega endurspeglar engin gata á landinu jafn vel tíðarandann í borginni á hverjum tíma og Laugavegur. Fjallað er um þróun borgarrýmisins og húsin sem eru, voru og ekki urðu, en í bókinni er að finna fróðleik um fleiri en hundrað húsnúmer við Bankastræti og Laugaveg.

Innbundin 210×270mm
320s. 2021

ISBN 978-9935-523-07-5

16




Kristín Þorkelsdóttir
Birna Geirfinnsdóttir og Bryndís Björgvinsdóttir

Merkisrit um frumkvöðul í grafískri hönnun. Fáir hér á landi hafa skilað af sér jafn mörgum þekktum verkum sem skipa viðlíka sess í íslenskri sjónmenningu og grafíski hönnuðurinn Kristín Þorkelsdóttir. Kristín hefur á löngum ferli hannað urmul auglýsinga, fjölmargar bókarkápur og ýmis rótgróin merki sem hafa verið landsmönnum sýnileg á skiltum, pappír og skjáum í yfir fimm áratugi, ásamt íslensku peningaseðlunum og íslenska vegabréfinu. Að auki stofnaði Kristín og rak eina mikilsvirtustu auglýsingastofu landsins um árabil.

Innbundin 200×270mm
248s. 2021

ISBN 978-9935-523-06-8




Verði ljós, elskan
Soffía Bjarnadóttir

Frásögn í ljóðum um flöktandi ljós milli svefns og vöku, milli kynslóða, um hringekju og fíkn, elskendur, leyndarmál, heilaga skál sem brotnar, tundurdufl.

Innbundin 120×190mm
128s. 2021

ISBN 978-9935-523-17-4

17




Hunangsveiði
Soffía Bjarnadóttir

Silva er í ástarsambandi sem virðist vera að leysast upp og gengur með bréf frá löngu látinni ömmu sinni við brjóst sér. Hún leitar til tengslafræðingsins Tómasar eftir aðstoð og saman halda þau í pílagrímsferð til Portúgal, ásamt rithöfundinum Rónaldi, þar sem veröld þeirra þriggja kaffærist í söknuði og dýrslegri þrá. Munúðarfull saga um mörk siðferðis, dauða og endurfæðingu.

Innbundin
125×190mm
200s. 2019

ISBN 978-9935-9486-1-8




Hestar
Hjörleifur Hjartarson
og Rán Flygenring
Hér stígur þarfasti þjónninn
fram, laus við keppnisrembing,
upphafningu og tildur.
Saumuð kilja 170×225mm
184s. 2020
5–105 ára




Fuglar/Birds
Hjörleifur Hjartarson
og Rán Flygenring
Larissa Kyzer þýddi
Einstök og óvenjuleg en um leið
fræðandi bók um íslenska fugla.
Saumuð kilja 184s.
140×187mm/170×225mm 2017–2018
5–105 ára






Vigdís
Bókin um fyrsta konuforsetann
Rán Flygenring
Bók um merkilega konu sem dreymdi
um að verða skipstjóri en endaði
sem forseti.
Innbundin 210×280mm
40s. 2019
3–10 ára




Sagan um Skarphéðin Dungal
sem setti fram nýjar kenningar
um eðli alheimsins
Hjörleifur Hjartarson
og Rán Flygenring
Þula um forvitna og fordómalausa
flugu með heimspekilegum undirtóni.
Innbundin 160×220mm
72s. 2018
6–106 ára






Koma jól?
Hallgrímur Helgason
og Rán Flygenring
Grýludætur stíga fram úr þúsund
ára löngum skugga bræðra sinna
og arka til byggða.
140×187mm
36s. 2021
5–105 ára




Egill spámaður
Lani Yamamoto
Egill vill hafa hlutina í föst-
um skorðum. Dag einn setur nýja
stelpan skipulag tilverunnar í
uppnám.
Innbundin 165×200mm
64s. 2019
5–10 ára






Nóra
Birta Þrastardóttir
„Hvers vegna sögðu krakkarnir
þetta? Var vestið ekki flott?“
Stundum er lífið snúið. Þá getur
góður vinur verið gulli betri.
Innbundin 170×240mm
40s. 2020
3–7 ára




Ævintýri Lísu í Undralandi
Lewis Carroll og Yayoi Kusama
Þórarinn Eldjárn þýddi
Einstaklega falleg og vönduð útgáfa
á sígildri sögu Lewis Carroll.
Innbundin 183×220mm
192s. 2017
5–105 ára







Ég lærði ekki heima af því að
Davide Cali og Benjamin Chaud
Guðrún Vilmundardóttir þýddi
Nýstárlegar afsakanir fyrir að læra ekki heima.
Innbundin 151×203 mm
40 s. 2017
5–8 ára

Hreyfibækur fyrir yngstu kynslóðina
Olivia Cosneau,
Bernard Duisit og Janik Coat
Guðrún Vilmundardóttir þýddi
Myndirnar hoppa upp af síðunum og koma sífellt á óvart.
Hreyfibækur 150×179 mm
12 s. 2017–2018
2–4 ára









Litabækur
Roz Streeten
Skapandi litabækur. Litaðu fötin og teiknaðu svo höfuð, handleggi og fótleggi á þann sem er í þeim.
197×197 mm
36 s. 2016
5–12 ára

Bangsi litli í sumarsól
Bangsi litli í skóginum
Benjamin Chaud
Guðrún Vilmundardóttir þýddi
Yndislegar og skemmtilegar bækur um ævintýri Bangsa litla.
Innbundin 245×368 mm
40 s. 2018
3–7 ára







Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen
Finn-Ole Heinrich og Rán Flygenring
Jón St. Kristjánsson þýddi
Þriggja bóka verðlaunaflokkur um hina makalausu, einstöku, mögnuðu æðisgengnu, óviðjafnanlegu Pálínu Klöru Lind Hansen.
Innbundin 140×215 mm
2018–2020
9–15 ára

Villinorn
Lene Kaaberbøl
Jón St. Kristjánsson þýddi
Spennandi bækur um Klöru og baráttu hennar við ill öfl í veröld hins villta.
Kilja 140×215 mm
2018–2021
9–15 ára









Seiðmenn hins forna
Cressida Cowell
Jón St. Kristjánsson þýddi
Æsispennandi og stórskemmtileg ævintýrasaga um stríðsmærina Ósk og galdrastrákinn Xar.
Innbundin 143×234 mm
2018–2021
10–15 ára

Bölvun múmíunnar
Prófessor Ármann Jakobsson
Sleppa Júlía og vinir hennar lifandi frá einvíginu við Qwacha-söfnuðinn?
Innbundin 140×215 mm
2019–2020
10–15 ára




Ómótstæðileg Ella
Ella Mills
María Rán Guðjónsdóttir þýddi
Einfaldir jurtafæðisréttir sem slegið hafa í gegn um allan heim.
Innbundin
170×235 mm
256 s. 2016




Góðborgarar
Nina Olssen
Helga Soffía Einarsdóttir þýddi
Ljúffengir grænmetisborgarar frá öllum heimshornum.
Innbundin 213×262 mm
160 s. 2018




Tvennir tímar
Endurminningar
Hólmfríðar Hjaltason
Elínborg Lárusdóttir
Einstök heimild um lífið til sveita á Íslandi fyrir hundrað árum.
Innbundin 150×215 mm
176 s. 2017




Ósýnilegi verndarinn
Dolores Redondo
Sigrún Ástríður
Eiríksdóttir þýddi
„Dolores Redondo er glæpsamlega góð!“ Yrsa Sigurðardóttir
Kilja 134×200 mm
448 s. 2017








Að borða Búdda.
Líf og dauði í tíbeskum bæ
Barbara Demick
Uggi Jónsson þýddi
Saga og menning Tíbets og þær afdrifaríku breytingar sem orðið hafa á samfélaginu frá innrás Kínverja í landið um miðja síðustu öld.
Kilja 110×180 mm
400 s. 2021




Glæpur við fæðingu
Trevor Noah
Helga Soffía Einarsdóttir þýddi
Stórmerkileg uppvaxtarsaga eins þekktasta sjónvarpsmanns heims. Besta þýdda bókin 2019 að mati bóksala á Íslandi.
Kilja 110×180 mm
368 s. 2019



Angústúra
Skólavörðustígur 12, 4. hæð
101 Reykjavík
s. 659 80 04

angustura@angustura.is
askrift@angustura.is
pantanir@angustura.is
handrit@angustura.is

Höfundamyndir Saga Sig, Eva Schram
Ljósmyndari bóka Vigfús Birgisson
Hönnun bæklings Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)

# WWW.
# ANGUSTURA
# .IS

24